

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verkfæri handa jarðyrkjumanni.

1874.

23. janúar.

Eptir að stjórnarráðið hafði gefið til kynna í bréfi til yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 5. júlím. f. á., að það mundi vera tilleiðanlegt til, að veita jarðyrkjumanni Sveini Sveinssyni 50 til 60 rd. styrk til þess að útvega þau áhöld, sem mest er þörf á við atvinnu hans, ef hann vildi skýra stjórnarráðinu frá, hver þau áhöld væri, og segja til verðs á þeim, hefir tæður Sveinn Sveinsson í meðfylgjandi bænarskrá, sem barst stjórnarráðinu beina leið með því póstskipi, sem síðast kom frá Íslandi, sókt um styrk til þess að kaupa verkfæri til landamælinga og hallamælinga fyrir 25 rd., og jarðarnafar, sem hann samt eigi getur sagt til verðs á.

Þaræð tæð bænarskrá ekki barst stjórnarráðinu fyr en við lok reikningsársins, sem liðið er, og eptir að búið var að verja öllu því fê, sem ætlað var til óvissra útgjalda á því reikningsári, sêr stjórnarráðið sêr eigi fært, að veita hinn umgetna styrk af þessari útgjaldagrein fyrir árið, sem leið, og verðum vèr því að láta það vera komið undir yður, herra landshöfðingi, hvort yður þykir ástæða til að veita jarðyrkjumanni Sveini Sveinssyni styrk þann, sem hann hefir sókt um, af því fê, sem ætlað er til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, fyrir yfirstandandi reikningsár, og sem yður eru veitt umráðin yfir.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanrikisstjórnarinnar, um málsókn útaf meiðyrðum við íslenzkan embættismann.

27. janúar.

Útaf því, að hinn danski aðalverzlunarfulltrúi í *Leith* hefir farið þess á leit við utanrikisstjórnina, að honum yrði veitt heimild til að höfða mál gegn þeim manni, sem hafði á leigu gufuskipið *Queen*, er á heima í *Aberdeen*, útaf meiðandi sakargiptum við einhvern embættismann á *Borðeyri*, í kvittun, er hann